

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Skálmholt.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Maríuhóla 11 í íbúðarbyggðinni að Skálmholti. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 56 fm lóð fyrir spennistöð ásamt aðkomu og minnkar lóð Maríuhóla 11 sem því nemur.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Heiðargerði, iðnaðar- og athafnasvæði.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis í Heiðargerði. Í breytingunni felst að lóðinni Heiðargerði 7-8 er skipt í tvennt og lóðirnar Heiðargerði 3 og 5 verða sameinaðar. Nýr vegur kemur á milli lóða Heiðargerðis 1 og 5 sem tengir svæðið að vestan við Oddgeirshólaveg. Þá er bætt við lagnabelti milli lóða.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. ágúst 2023 og 12. desember 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. mars 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 3. apríl 2024